

Hafnarfirði, 2. október 2020.

Kæru nemendur og foreldrar/forráðamenn

Ég vil byrja á því að þakka fyrir **viðburðarríka afmælisviku** þar sem við vorum m.a. heiðruð Gullepli Landlæknisembættisins fyrir að hafa unnið ötullega að heilsueflingu síðastliðin 10 ár. Því ætlum við svo sannarlega að halda áfram og ég vona að þið hafið öll séð **hvatningarmyndböndin á heimasíðu skólans** en þar erum við minnt á mikilvægi þess að huga vel að heilsu og vellíðan á tímum kórónuveirufaraldurs. Það þýðir lítið annað en að horfa **jákvæðum augum á lífið og aðstæðurnar sem við erum í og taka þeim með jafnaðargeði**. Við erum öll að gera okkar besta og við þurfum að halda því áfram. Nú er langt liðið á önnina, **miðannarmatið verður birt í næstu viku** og við þurfum að halda einbeitingu, skipuleggja okkur og fylgjast vel með í INNU og passa upp á að skila verkefnum.

Það er aftur komið að tungumálaviku í húsi og í næstu viku kennum við **íslensku, ensku, dönsku, þriðja málið, hámark eldri nema og bóklegar íþróttir í staðlotu** eins og áður var auglýst. En við ætlum að bæta um betur og taka **stærðfræði og eðlisfræði** inn líka. Það er ljóst að þörfin fyrir aukna aðstoð í bæði stærðfræði og eðlisfræði er mikil og því þykir okkur nauðsynlegt að bregðast við með þessum hætti. Í næstu viku munum við einnig bjóða upp á **námsver í íslensku**, aukatíma fyrir þá sem þurfa stuðning í íslensku, **þriðjudaginn 6. október klukkan 15:50** í stofu **M309**.

Enn og aftur ítreka ég **mikilvægi góðra sóttvarna**. Áfram verður **grímuskylda** hér innanhúss og verð ég að biðja ykkur um að virða hana alls staðar í húsinu, ekki bara inn í kennslustund. Höldum einnig áfram að spritta okkur þegar við komum inn í nýtt hólf, það er ekki síður mikilvægt.

Klárum þetta saman – við erum Flensborg!

Með bestu kveðju,

Erla

Erla S. Ragnarsdóttir
Skólameistari Flensborgarskóla
Principal at Flensborgarskólinn, Upper Secondary School in Iceland
www.flensborg.is
S: +354 565 0400